



443. Stjórnarfundur haldinn 5. feb. 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Birgir Ingibergsson (BI).

Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/námsferðar til Danmerkur 7.-10. maí nk. *Ákveðið að senda framkvæmdastjóra í ferðina.*

Bréf frá UMFÍ tilkynning um að framkvæmdastjórinn Sæmundur Runólfsson láti af störfum 30. apríl nk. eftir 23ja ára starf. *Móttekið.*

3. Send bréf.

Sent á RSK leiðréttingarskýrsla vegna vaskskila.

Sendir út sjötíu og sjö launamiðar.

Launaframtal aðalstjórnar og deilda sent á rafrænuformi til RSK.

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur fyrir 2014.

EH sagði frá því að allar deildir félagsins væru búnar að halda sína aðalfundi. Nýr formaður í blakdeild Svandís Þorsteinsdóttir, taekwodeild Mikael Þór Halldórsson og sunddeild Hilmar Örn Jónasson.

Deildir félagsins skiluðu jákvæðum rekstri.

5. Aðalfundur Keflavíkur fyrir 2014.

EH fór yfir gátlista. Allt að verða klárt.(sjá gátlista)

6. Formanna- og gjaldkerafundur.

Ákveðið að halda formanna- og gjaldkerafund með aðalstjórn Keflavíkur laugardaginn 14. febrúar kl. 11:00 – 13:00 í félagsheimili okkar. Boðið upp á súpu. *Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins.*

7. Skyndihjálparnámskeið.

EH sagði frá því að skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfar yrði haldið 10. og 18. febrúar. Ingvar Georgsson verður leiðbeinandinn. Búið að senda á stjórnir félagsins og hvetja þær til að senda þjálfara og stjórnarfólk á námskeiðin.

8. Hringbraut 108.

Undirritaður leigusamningur lág fyrir.

9. Lóðarleiga Heiðarenda.

Ákveðið að gefa sama afslátt eins og árið 2014 af lóðarleigugjaldinu eða 25%.

10. Önnur mál.

Skuldabréf knattspyrnudeildar lá fyrir til áritunar. *Stjórnarmenn undirrituðu bréfið.*

Sýnishorn af dúkum með logói félagsins lá fyrir. *Samþykkt að kaupa tvö hundruð og tíu dúka 120 x 200 í bláum lit og eitthundrað dúka sem eru 80 x 80 í hvítum lit. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.*

EH sýndi skilti „Við erum öll fyrirmyndir“. Skiltin verða sett upp í og við íþróttamannvirki.

EH sagði frá fundi framkvæmdastjóra og starfsmanna UMFÍ sem hann sótti.

EH og KG sögðu frá fundi sem þeir sóttu, en FH-ingar höfðu boðað til laugardaginn 24. janúar vegna skipulags íþróttahreyfingarinnar. EH var skipaður í nefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

Næsti fundur er 19. febrúar kl. 18:00

Fundinn ritaði BS.

